

**Styrkir til íþróttastarfs
Samanburður milli sveitarfélaga
Tölur miðað við árið 2008**



**ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR**

Íþróttabandalag Reykjavíkur
September 2010

Styrkveitingar sveitarfélaga til íþróttastarfs eru mjög mikilvægur þáttur í starfi hvers íþróttafélags. Á síðastliðnum árum hefur Íþróttabandalag Reykjavíkur gefið út skýrslur um styrkveitingar sjö sveitarfélaga á landinu til íþróttastarfs á árunum 2002,2004 og 2006. Markmiðið var að kanna hvar félögin í Reykjavík stæðu í samanburði við félög í öðrum sveitarfélögum. Skýrslan fékk nokkra umfjöllun og í ljós kom að Reykjavík stóð vel á sumum sviðum en ekki eins vel á öðrum.

Í kjölfarið var ákveðið að gera fjórðu könnunina fyrir árið 2008 og verður henni gerð skil á næstu síðum. Leitast verður við að bera saman sveitarfélögin og breytingar milli áranna 2006 og 2008.

Til viðbótar við þá þætti sem mældir hafa verið undanfarin ár þá hefur að ósk íþróttafulltrúa sveitarfélaganna verið bætt við styrkjum vegna æfingagjalda í könnuninni fyrir árið 2008.

Framkvæmd könnunarinnar

Sömu sveitarfélög tóku þátt og í fyrri könnunum okkar en það voru Akureyri, Akranes, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjanesbær og Reykjavík. Sent var excel-skjal til íþróttafulltrúa sveitarfélaganna með upplýsingum frá síðustu könnunum vegna áranna 2004, 2004 og 2006. Íþróttafulltrúarnir voru síðan beðnir um að fylla inn í skjalið upplýsingar um árið 2008. Í töflum í skýrslunni sjálfri eru eingöngu gefnar upp upplýsingar vegna ársins 2008.

Þrátt fyrir að beðið væri að öllu leyti um sömu upplýsingar vegna ársins 2008 og svo ársins 2006 eru tölurnar ekki alltaf samanburðarhæfar og ber að taka niðurstöður þessarar könnunar með fyrirvara um það. Hér er bæði átt við samanburð milli ára innan sveitarfélaga sem og samanburð milli sveitarfélaga.

Í fyrsta lagi er ljóst að skilgreiningar á styrkjum eru ólíkar milli sveitarfélaga þannig að það sem kallað er sama nafni í töflu þarf ekki að vera nákvæmlega það sama í raun. Í öðru lagi hafa skilgreiningar breyst milli ára vegna kerfisbreytinga og annars konar útfærslu en áður. Í þriðja lagi hafa spyrjendur og svarendur lært af reynslunni eftir fyrri kannanir og að þessu sinni eru í mörgum tilfellum fleiri eða færri atriði inni sem annaðhvort gleymdust eða aðilar töldu að þau ættu ekki heima í könnuninni. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að gera tölurnar sem samanburðarhæfastar og mikill tími fór því í símhringingar og tölvupóstsendingar til að fá skýringar á ýmsum atriðum.

Almennar upplýsingar um sveitarfélögin

Fjöldi íþróttafélaga í sveitarfélögunum sjö á árinu 2008 var á bilinu 3 til 59 og iðkanir innan íþróttahreyfingarinnar frá tæplega 2.000 til tæplega 36.000.

Tafla 1 sýnir fjölda iðkana í hverju sveitarfélagi fyrir sig ásamt fjölda félaga, deilda og íþróttagreina. Upplýsingarnar eru fengnar úr starfsskýrslum ÍSÍ fyrir árið 2008. Einnig eru í töflu 1 upplýsingar um íbúafjölda í hverju sveitarfélagi en þær tölur fengust frá Hagstofu Íslands og eru frá 1. desember 2008.

Tafla 1. Fjöldi félaga, deilda, íþróttagreina, iðkana og íbúa í sveitarfélögunum árið 2008

	Reykjavík	Akureyri	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Akranes	Reykjanesbær
Fjöldi íþróttafélaga	59	19	3	16	14	14	7
Fjöldi deilda	120	31	10	29	29	16	16
Fjöldi íþróttagreina	43	27	10	26	19	18	18
Fjöldi iðkana	35.846	5.843	4.291	10.598	9.453	1.972	3.302
Fjöldi 15 ára og yngri	17.341	3.343	1.729	5.970	4.771	1.090	1.900
Fjöldi 16 ára og eldri	18.505	2.500	2.562	4.628	4.682	882	1.402
Fjöldi kvenna	12.870	2.145	1.693	4.371	4.183	827	1.314
Fjöldi karla	22.976	3.698	2.598	6.227	5.270	1.145	1.988
Íbúafjöldi sveitarf. 1.des	119.848	17.522	10.358	25.837	29.957	6.630	14.208
Hlutfall iðk. af íbúafjölda	29,91%	33,35%	41,43%	41,02%	31,56%	29,74%	23,24%
Íbúafjöldi sveitarf. 15 ára og yngri 1.des	24.210	4.175	2.295	6.334	6.894	1.624	3.418
Hlutfall iðk af íbúafjölda 15 ára og yngri 1.des	71,63%	80,07%	75,34%	94,25%	69,21%	67,12%	55,59%

Iðkunum innan íþróttahreyfingarinnar hefur fjölgað í öllum sveitarfélögunum milli árána 2006 og 2008 að undanskildum Hafnarfirði þar sem þær standa í stað en þar er hlutfall iðkana af íbúafjölda 15 ára og yngri mjög hátt. Í Reykjavík fjölga aðildarfélagum um 10 en svo virðist sem hlutfallsleg fjölgun sé meiri í höfuðborginni en hinum sveitarfélögunum.

Íbúum allra sveitarfélaganna fjölgaði milli árána 2006 og 2008 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu. Hafnarfjörður og Garðabær eru með hæsta hlutfall iðkana á heildaríbúafjölda ef miðað er við alla íbúa en Hafnarfjörður ef miðað er við íbúa 15 ára og yngri en í þeim aldursflokkki nær hlutfallið 94,25% þó svo að hlutfall hinna sveitarfélaganna hækki þónokkuð milli ára.

Í Reykjavík eru iðkaðar flestar íþróttagreinar af öllum sveitarfélögunum eða 43 mismunandi greinar. Næst í röðinni kemur Akureyri með 27 mismunandi íþróttagreinar en í meirihluta sveitarfélaganna fjölga íþróttagreininum verulega, þ.e. Reykjavík, Akureyri, Akranesi og Reykjanesbæ. Það er ljóst að þau sveitarfélög sem þurfa að útvega aðstöðu fyrir fleiri greinar hafa viðameira og kostnaðarsamara verkefni fyrir höndum og þá sérstaklega ef mannvirkin eru mjög sérhæfð.

Styrkir til æfinga og keppni í mannvirkjum

Eins og fram kom í síðustu könnun eru styrkir sveitarfélaganna til æfinga og keppni í mannvirkjum með svipuðu móti þ.e. að félögin borga ekki fyrir æfinga- og keppnistíma og að öllu jöfnu er reynt að útvega félögunum eins mikið af tímum og þörf er á. Einnig verður að geta þess að sveitarfélögin fella að jafnaði niður fasteignagjöld vegna mannvirkja félaganna og hljóðar sú upphæð í Reykjavík upp á tæpar 107 milljónir króna fyrir árið 2008.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir kostnað sveitarfélaganna vegna þessa liðar fyrir árið 2008. Kostnaðinum er skipt nokkuð mikið upp til að gefa gleggri mynd af honum og minnka líkur á misræmi milli sveitarfélaga.

Tafla 2. Yfirlit yfir styrki til æfinga og keppni í mannvirkjum árið 2008.

	Reykjavík	Akureyri	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Akranes	Reykjanesbær
Íþrótta-mannvirki skóla	50.000.000	0	34.800.000	12.767.000	35.216.000	0	6.800.000
Önnur mannvirki sveitarfélags	696.685.217	151.570.926	62.400.000	47.118.000	87.902.000	127.317.000	92.994.000
Íþrótta-mannvirki féлага	348.142.817	0	0	113.015.000	251.183.000	0	0
Íþrótta-mannvirki í einkaeigu	378.665.908	0	0	70.864.000	7.336.649	0	34.750.000
Skíðasvæði	110.878.598	98.081.508	14.950.664	24.400.000	30.088.000	0	0
Útisvæði	53.667.495	13.692.765		73.150.000	121.404.000	0	29.500.000
Íþrótta-mannvirki í öðrum sveitarfél.	0	0	0	3.500.000	300.000	0	0
Samtals	1.638.040.035	263.345.199	112.150.664	344.814.000	533.429.649	127.317.000	164.044.000
Fjöldi iðkana	35.846	5.843	4.291	10.598	9.453	1.972	3.302
Húsaleigustyrkir á hverja iðkun	45.697	45.070	26.136	32.536	56.430	64.562	49.680
Fjöldi íbúa	119.848	17.522	10.358	25.837	29.957	6.630	14.208
Húsaleigustyrkir á hvern íbúa	13.668	15.029	10.827	13.346	17.807	19.203	11.546

Sveitarfélögin sjö eru að greiða frá rúmlega 26.000 kr og upp í tæplega 65.000 kr. fyrir hverja iðkun vegna æfinga og keppni í mannvirkjum. Kópavogur og Akranes greiða mest en Hafnarfjörður og Garðabær minnst. Þar sem að ekki hefur tekist að fá uppgefinn verðlista fyrir íþröttamannvirki í öllum sveitarfélögum er hugsanlegt að sá mikli munur á styrkveitingum í þennan flokk skýrist að hluta af mismunandi útfærslum á verðskrá.

Í öllum sveitarfélögum nema Reykjanesbæ hefur kostnaður vegna æfinga og keppni í mannvirkjum hækkað milli ára. Mest hækkun á styrkveitingum til æfinga og keppni er í Kópavogi og Akranesi en þar hækkuðu styrkir um 43 %. Í Hafnarfirði er hækkunin aðallega vegna nýs skólaíþröttamannvirkis við

Hraunvallaskóla, Ásvallarlaugar sem er 50m æfinga- og keppnislaug auk minni kennslulaugar, viðbótartíma í Bjarkarmiðstöð og á Hamarsvellinum. Einnig hækkar leigan í fjárhagsáætlun um 4% á milli ára miðað við verðlagsbreytingar. Á Akranesi hækkar styrkur til æfinga og keppni sökum þess að tekið var í notkun nýtt fjölnota íþróttahús sem einkum er notað af íþróttafélögunum. Hækkum á fasteignagjöldum, breyting á styrkhæfu tímabili og margar minniháttar framkvæmdir eru helstu ástæður hækkana milli ára í Reykjavík. Hækkun á Akureyri var aðallega vegna aukins tímafjölda í nýju íþróttamannvirki í Hrísey. Í Kópavogi varð töluverð hækkun þar sem ný mannvirki voru tekin í notkun þ.á.m. Íþróttamiðstöðin Kórinn, 25 m innilaug í Sundlaug Kópavogs, nýtt íþróttahús í Fagralundi í Fossvogsdal og stúkubýgging við Kópavogsvöll.

Ferðastyrkir

Ferðastyrkir vegna ferða erlendis eru til staðar í öllum sveitarfélögunum sem þátt tóku í könnuninni nema Akranesi sem greiddu ekki út neina ferðastyrki á árinu 2008. Tafla 3 sýnir hve mikið félögin fengu í heild í ferðastyrki vegna ferða erlendis á árinu 2008. Einnig kemur fram hvað hvert sveitarfélag veitir í ferðastyrki á hvern iðkanda samkvæmt reglugerð og að lokum heildarfjárhæðin, skipt niður á alla íbúa í sveitarfélaginu.

Tafla 3. Yfirlit yfir ferðastyrki sveitarfélagana árið 2008

	Reykjavík	Akureyri	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Akranes	Reykjanesbær
Ferðastyrkir erlendis	11.000.000	665.000	500.000	4.783.000	5.317.500	0	4.200.000
Erlendir ferðastyrkir á iðkanda skv. reglugerð	16.500	10.000		20.000	15.000		20.000
Ferðastyrkir innanlands	18.500.000	386.000	2.000.000	0	0		
Ferðastyrkir samtals	29.500.000	1.051.000	2.500.000	4.783.000	5.317.500	0	4.200.000
Fjöldi iðkana	35.846	5.843	4.291	10.598	9.453	1.972	3.302
Erlendir ferðastyrkir á iðkun	307	114	117	451	563	0	1.272
Ferðastyrkir alls á iðkun	823	180	583	451	563	0	1.272
Fjöldi íbúa	119.848	17.522	10.358	25.837	29.957	6.630	14.208
Erlendir ferðastyrkir á íbúa	92	38	48	185	178	0	296
Ferðastyrki alls á íbúa	246	60	241	185	178	0	296

Í töflu 3 eru einnig upplýsingar um ferðastyrki vegna ferða innanlands. Sveitarfélögin Reykjavík, Akureyri og Garðabær veita styrki til ferðalaga innanlands. Í Reykjavík er greiddur allt að 35% af ferðakostnaði fyrir meistaraflokka og 65% hjá börnum og unglíngum. Í Garðabæ fá íþróttafélögin styrk til að standa straum af ferðalögum yngri flokka á Íslandsmót úti á landi og þess háttar. Í heild var kostnaðurinn við þetta 2.000.000 kr. í Garðabæ og 18.500.000 kr. í Reykjavík á árinu 2008.

Ekki eru öll sveitarfélögin með fasta upphæð sem greidd er í hverja ferð erlendis í sínum ferðastyrkjareglum, þar sem slík upphæð er notuð veitir Reykjanesbær og Hafnarfjörður hæstu upphæðina eða 20.000 kr á mann í hverja ferð. Í Reykjavík eru veittir styrkir til landsliðsferða þurfi félag eða leikmaður að bera einhvern kostnað af ferðinni. Einnig eru veittir styrkir á alþjóðleg stigamót ef keppandi er meðal 3ja efstu á styrkleikalista sérsambands og þarf að bera einhvern kostnað af ferðinni. Upphæð á hverja ferð er kr. 16.500,-. Þátttaka í Evrópukeppni félagsliða er styrkt um 25.000 kr. á hvern leikmann, þjálfara og liðstjóra. Í Kópavogi fá einstaklingar 15.000 kr í ferðastyrk erlendis, hópur með 6 einstaklingum eða fleiri fær greiddar kr. 7.500,- á iðkenda. Engar takmarkanir eru á því hvað er styrkt, stórmót og æfingaferðir vega jafnt. Í Reykjanesbæ eru veittar 20.000 kr. á mann í landsliðsstyrk. Liðakeppni er einnig styrkt með sömu upphæð að hámarki 12 leikmenn í körfuknattleik og 16 í knattspyrnu. Eingöngu 25 ára og yngri fá styrk. Dómara- og þjálfaranámskeiðsferðir erlendis eru styrktar um 15.000 kr. á einstakling. Í Hafnarfirði fær hópur 35.000 kr. en einstaklingar 12.000 kr. Skila verður inn staðfestingu á ferðinni til að greiðsla fái st. Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar hefur styrkt einstaklinga úr Garðabæ til að standa straum af ferðalögum á vegum landsliða. Hámark 25.000 kr er greitt á hvern einstakling. Á Akureyri eru veittir styrkir að upphæð 4.000 kr vegna ferða innanlands og 10.000 kr vegna ferða erlendis og eru styrkirnir veittir fyrir hvern einstakling. Einungis eru æfinga- og keppnisferðir á vegum sérsambandanna styrkhæfar á Akureyri. Á Akranesi eru ferðir á vegum sérsambanda að öllu jöfnu ekki styrktar. Miðað er við að greitt sé fargjald fararstjóra í þeim ferðum sem styrktar eru.

Ef litið er á hversu miklir fjármunir vegna ferðastyrkja erlendis á iðkun er Reykjanesbær með hæsta styrkinn eins og árin 2002, 2004 og 2006 eða tæpar 1300 kr. á hvern iðkanda. Því næst kemur Kópavogur með 563 kr. á hverja iðkun.

Þegar innlendir og erlendir ferðastyrkir samtals eru skoðaðir í samhengi við fjölda iðkana og íbúa í sveitarfélögunum er Reykjanesbær, Reykjavík og Garðabær sem koma best út. Ekki eru miklar breytingar á þessum styrkjum milli árána 2006 og 2008 nema á Akranesi þar sem engir styrkir voru greiddir út og á Akureyri þar sem hækkunin nemur 75%.

Rekstrarstyrkir

Rekstrarstyrkir til íþróttafélaga eru til staðar í öllum sveitarfélögum. Með rekstrarstyrkjum er átt við rekstrarstyrki aðra en vegna mannvirkja t.d. laun starfsmanna, þjálfara og íþróttafulltrúa, rekstur skrifstofu o.s.frv. Í Reykjavík hafa rekstrarstyrkir verið í formi styrks vegna starfs íþróttafulltrúa og skrifstofu. Einnig greiða bæjarfélögin styrk til reksturs Íþróttabandalaga Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar.

Á Akureyri eru öll aðildarfélög íþróttabandalagsins með rekstrarsamning við sveitarfélagið en stóru félögin KA og Þór eru þar mun stærri en önnur. Í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjanesbæ eru rekstrarstyrkirnir að hluta til tengdir fjölda iðkenda. Í töflu 4 má sjá yfirlit yfir rekstrarstyrki sveitarfélaganna til íþróttafélaga á árinu 2008 ásamt upplýsingum um hvernig sú upphæð kemur út ef tekið er tillit til íbúa- og iðkendafjölda.

Tafla 4. Yfirlit yfir rekstrarstyrki á árinu 2008

	Reykjavík	Akureyri	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Akranes	Reykjanesbær
Heildar fjárhæð	184.500.000	65.190.588	116.772.750	50.278.000	44.819.372	14.000.000	13.550.000
Fjöldi félaga sem fær styrk	22+ÍBR	18 + ÍBA	4	16+ÍBH	5	1	5
Fjöldi iðk.	35.846	5.843	4.291	10.598	9.453	1.972	3.302
Rekstrarstyrkir á hvern iðk.	5.147	11.157	27.213	4.744	4.741	7.099	4.104
Fjöldi íbúa	119.848	17.522	10.358	25.837	29.957	6.630	14.208
Rekstrarstyrkir á hvern íbúa	1.539	3.720	11.274	1.946	1.496	2.112	954

Það er athyglisvert að rekstrarstyrkir hækka í öllum sveitarfélögum á milli árána 2006 og 2008 og þá sérstaklega í Reykjavík og Kópavogi. Mikil hækkun í Kópavogi skýrist af því að árið 2008 þá voru iðkendastyrkir til félaganna teknir inn í útreikninga vegna rekstrarstyrkja en þeir voru um 23 milljónir kr-. Á árinu 2008 greiddi Kópavogsbær 2.800kr- á hvern 6-12 ára iðkanda en 8.400kr- vegna 13-19 ára iðkenda. Á Akranesi hafa verið gerðir rekstrarsamningar við einstök félög vegna ákveðinna verkefna, sem síðan hafa ekki í öllum tilvikum verið endurnýjaðir. Í Reykjavík hækka rekstrarstyrkir vegna nýrra þjónustusamninga en 6 ný íþróttafélög fengu rekstrarstyrki í fyrsta skipti árið 2008.

Garðbæingar standa langbest allra sveitarfélaga að þessum styrkveitingum ef litið er á styrk á hverja iðkun og íbúa í sveitarfélaginu og næstir eru svo Akureyringa en annars koma Reykvíkingar, Hafnarfjörðingur, Kópavogsbúar og Akurnesingar svipað út.

Afreksstyrkir

Öll sveitarfélögin veita einhvers konar styrki til afreksstarfs og þar inni eru ekki taldir ferðastyrkir vegna landsliðsferða. Tafla 5 sýnir upphæð styrkja til afreksstarfs í sveitarfélögunum árið 2008 ásamt því hver upphæðin var að meðaltali á hvern íbúa og iðkanda.

Tafla 5. Styrkir til afreksstarfs í sveitarfélögunum árið 2008.

	Reykjavík	Akureyri	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Akranes	Reykjanesbær
Heildar fjárhæð	8.750.000	4.967.502	6.550.000	15.505.000	4.890.000	0	5.200.000
Fjöldi iðk.	35.846	5.843	4.291	10.598	9.453	1.972	3.302
Afreksstyrkir á hverja iðk.	244	850	1.526	1.463	517	0	1.575
Fjöldi íbúa	119.848	17.522	10.358	25.837	29.957	6.630	14.208
Afreksstyrkir á hvern íbúa	73	284	632	600	163	0	366

Í Kópavogi er til sérstök reglugerð fyrir Afrekssjóð ÍTK. Íþrótt- og tómstundaráð fjallar um umsóknir í afrekssjóðinn. Að auki er greitt fyrir Íslands- og bikarmeistaratitla í meistaraflokki karla og kvenna. Á Akureyri er það þriggja manna stjórn Afreks- og styrktarsjóðs sem tekur sjálfstæðar ákvarðanir í samræmi við þar til gerða samþykkt sem gildir um sjóðinn. Í Reykjavík er það þriggja manna nefnd Afreks- og styrktarsjóðs sem ákveður hvernig úthlutað er úr sjóðnum en að þessu sinni fóru 4,8 milljónir af úthlutun sjóðsins til barna- og unglíngastarfs. Ekki er föst reglugerð í Reykjavík um hversu mikið sé greitt fyrir Íslands- og bikarmeistaratitla en árið 2008 fékk Valur 900.000 kr fyrir Íslandsmeistaratitla í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu. Að auki lagði borgin til 2.000.000kr- í Reykjavíkurléika sem fram fara í janúar ár hvert. Hafnarfjarðarbær greiðir 300.000 kr fyrir Íslands- og bikarmeistaratitla í efstu flokkum íþróttagreina. Við þátttöku í Evrópukeppni elstu flokka er veittur styrkur upp á 500.000 kr fyrir hverja umferð. Afreksmannasjóður ÍBH fær 800.000 kr. til að úthluta samkvæmt reglum sjóðsins og umsóknum í hann. Einhver upphæð frá ÍBH bætist við framlag sjóðsins hverju sinni. Íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar ráðstafar afreksstyrkjum úr svokölluðum Íþróttasjóði eftir ákveðnum vinnureglum. Á Akranesi er unnið eftir ákveðnum viðmiðunarreglum vegna styrkja til afreksfólks en markmiðið er að veita styrki vegna unnina afreka í íþróttum. Einnig er afreksíþróttafólk með lögheimili á Akranesi styrkt þegar það stundar íþrótt sem ekki er iðkuð með íþróttafélagi á Akranesi. Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar styrkir íþróttafélög sem unnið hafa

Íslandsmeistaratitla í meistaraflokki. Íþróttamaður Garðabæjar ár hvert fær einnig styrk vegna afreka sinna. Árið 2003 var í fyrsta skipti veitt styrkjum úr Afreksmannasjóði en það var fyrir afrek ársins 2002.

Í sveitarfélögunum Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjanesbæ hafa styrkir til afreksstarfs hækkað milli árana 2006 og 2008 en á Akureyri hafa þeir lækkað umtalsvert og á Akranesi var engu ráðstafað til afreksmála árið 2008. Í útreikningum fyrir Reykjavík var ákveðið að skera niður þær styrkveitingar úr afreks- og styrktarsjóði sem ekki fóru beint í afreksmál en það voru 4,8 milljónir króna. Ef litið er á styrkveitingar til afreksíþróttanna með tilliti til fjölda þeirra sem búa í sveitarfélaginu og iðka íþróttir þar eru Garðabær og Hafnarfjörður að veita langhæstu styrkina en Reykjanesbær og Akureyri standa líka vel við bakið á sínu afreksfólki. Kópavogur og Reykjavík veita minnstu fé hlutfallslega í þennan málaflokk. Athyglisvert er hversu mikill munur er á styrkveitingum milli sveitarfélaganna en Garðabær leggur 9 sinnum meira á hvern íbúa í afreksmál en Reykjavík.

Framkvæmdastyrkir

Sveitarfélögin hafa verið að byggja mismikið á undanförunum árum en þó stingur lækkun framkvæmdastyrkja í Garðabæ og Akranesi fyrir árið 2008 í stúf við önnur sveitarfélög. Miðað við íbúafjölda er Hafnarfjörður langhæstur og síðan kemur Akureyri og Kópavogur með um helmingi hærri upphæð á hvern íbúa. Tafla 6 sýnir fjármuni sveitarfélaganna sem fóru í byggingar íþróttamannvirki á árinu 2008.

Tafla 6. Styrkir sveitarfélaganna til framkvæmda við íþróttamannvirki 2008.

	Reykjavík	Akureyri	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Akranes	Reykjanesbær
Heildar fjárhæð	2.123.533.445	849.345.574	2.100.000	2.269.000.000	1.238.000.000	0	161.000.000
Fjöldi iðk.	35.846	5.843	4.291	10.598	9.453	1.972	3.302
Framkvæmda styrkir á hverja iðk.	59.240	145.361	489	214.097	130.964	0	48.758
Fjöldi íbúa	119.848	17.522	10.358	25.837	29.957	6.630	14.208
Framkvæmdastyrkir á hvern íbúa	17.719	48.473	203	87.820	41.326	0	11.332

Hækkun framkvæmdastyrks á Akureyri var að mestu leyti vegna nýs frjálsíþróttavallar og endurbóta knattspyrnusvæðis Þórs. Á Akranesi fór ekkert fjármagn í framkvæmdir og það litla fjármagn sem fór í framkvæmdir í Garðabæ fór í viðhald. Framkvæmdir á félagshúsi Leiknis, íþróttaaðstöðu í Laugardal og gervigrasvöllum félaganna eru orsakir hækkunarinnar milli ára í Reykjavík. Í Kópavogi fór mest fjármagn í byggingu Kórsins, stækkunar Sundlaugar Kópavogs, Stúkubyggingar við Kópavogsvöll og íþróttahúss og gervigrasvallar í Fagralundi. Í Hafnarfirði fór mesta fjármagnið í byggingu Ásvallalaugar en þar má finna á sama staðnum 50m innilaug, 16m kennslulaug, barnalaug, heita potta, vatnsrennibraut, heilsuræktaraðstöðu, sjúkrapjálfun og félagsaðstöðu fyrir SH og Fjörð. Einnig fór mikið fjármagn í uppbyggingu á Íþróttasvæði FH í Kaplakrika þar sem helst má nefna;

stúkubyggingu, bað- og búningsklefa, félagsaðstöðu og frjálsíþróttahús. Einnig má nefna skólaíþróttahús við Hraunvallaskóla, og byggingu á æfingaaðstöðu á íþróttasvæði Golfklúbbsins Keilis. Í Reykjanesbæ fór fjármagnið í byggingu reiðhalla, búningsaðstöðu við Keflavíkurvöll, nýtt gervigras í Reykjaneshöll og breikkun á þaki stúkunnar á Keflavíkurvelli.

Æfingagjaldastyrkir

Í ár er í fyrsta skipti borin saman framlög sveitarfélaganna til niðurgreiðslu á æfingagjöldum í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi. Reykjavíkurborg, Garðabær og Hafnarfjörður bera mestan kostnað af niðurgreiðslum vegna æfingagjalda hvort svo sem litið er til fjölda íbúa eða iðkana. Tafla 7 sýnir kostnað sveitarfélaganna til niðurgreiðslu æfingagjalda á árinu 2008.

Tafla 7. Styrkir sveitarfélaganna vegna æfingagjalda 2008.

	Reykjavík	Akureyri	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Akranes	Reykjanesbær
Heildar fjárhæð	353.052.440	12.220.000	30.418.863	101.550.000	55.000.000	3.447.000	9.000.000
Fjöldi iðk.	35.846	5.843	4.291	10.598	9.453	1.972	3.302
Æfingagjaldastyrkir á hverja iðk.	9.849	2.091	7.089	9.582	5.818	5.000	2.726
Fjöldi íbúa	119.848	17.522	10.358	25.837	29.957	6.630	14.208
Æfingagjaldastyrkir á hvern íbúa	2.946	697	2.937	3.930	1.836	520	633

Í Reykjavík er niðurgreiðslum háttað með þeim hætti að foreldrar barna á aldrinum 6-18 ára fá styrk upp á 25.000kr sem þau geta ráðstafað í nafni barnsins til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Í Hafnarfirði er niðurgreiðslan greidd félagi fyrir hvern iðkanda á mánuði til lækkunar á æfingagjaldi kr. 1000 fyrir 6 ára og yngri, kr. 2000 fyrir 7 ára til 12 ára og kr. 3000 fyrir 13 ára til 16 ára. Niðurgreiðslurnar eru greiddar samkvæmt upplýsingum forráðamanna og staðfestingu þeirra í gegn um íbúargátt Hafnarfjarðarbæjar. Í Garðabæ á hvert barn rétt á 25.000kr styrk til niðurgreiðslu á ári vegna íþrótt- og annarra tómsunda. Einskorðast sá styrkur ekki við ástundun íþrótt- innar félaga í Garðabæ. Akureyrarbær niðurgreiðir íþrótt- og tómsundastarf barna á aldrinum 6-12 ára um 10.000kr á ári. Akraneskaupstaður niðurgreiðir íþrótt- og tómsundastarf barna á aldrinum 6-17 ára um 20.000 kr- á ári. Hægt er að nýta styrkinn til tómsundaiðkunar í öðrum sveitarfélögum svo lengi sem ekki er boðið upp á sambærilegt starf á Akranesi. Í Reykjanesbæ eru greiddar svokallaðar hvatagreiðslur sem koma til lækkunar á æfingagjöldum sem samsvarar 7.000kr á ári. Í Kópavogi eru æfingagjöld niðurgreidd af hálfu bæjarins fyrir aldurshópin 5 - 17 ára. Niðurgreiðslan er kr. 15.000,- á grein, hámark 2 greinar og getur því mest orðið kr. 30.000,- á hvern iðkanda.

Lokaorð

Á heildina litið þá eru öll sveitarfélögin að undanskildum Reykjanesbæ að leggja meira fé til æfinga- og keppnisstyrkja og hleypur hækkunin á tugum prósentu í flestum tilvikum. Í samanburði við önnur sveitarfélög virðist Reykjavíkurborg hafa sótt nokkuð á önnur sveitarfélög varðandi veitt fjármagn í framkvæmdir á íþróttamannvirkjum en betur má ef duga skal því það verður að hrósa Kópavogi, Akureyri og sérstaklega Hafnarfirði fyrir að veita miklu fé til íþróttamála á árinu 2008. Á heildina litið þá hafa rekstrarstyrkir hækkað um tugi og alveg upp í hundruði prósentu í tilviki Reykjavíkur, Garðabæjar og Kópavogs. Garðabær og Hafnarfjörður veita langmestu fé í afreksstyrki og þar stendur Reykjavíkurborg vægast sagt illa. Akureyri, Hafnarfjörður, Kópavogur og Reykjanesbær sækja í sig veðrið í ferðastyrkjunum og hafa hækkað mun meira hlutfallslega heldur en í Reykjavík. Gagnvart æfingagjaldastyrkjum þá stóð Reykjavík, Garðabær og Hafnarfjörður best fyrir árið 2008.

Eins og fram hefur komið er samanburður á milli sveitarfélaga erfiður og sjálfsagt hægt að færa rök fyrir því að í einhverjum tilfellum sé hann ekki sanngjarn vegna aðstæðna eða ósamræmis í upplýsingum. Engu að síður gefur þessi könnun sterkar vísbendingar um hver staða mála er hvað varðar styrki þessara sveitarfélaga til íþróttamála.

Að lokum ber að þakka sveitarfélögunum sem þátt tóku í könnuninni kærlega fyrir samvinnuna og þann tíma sem þau lögðu í þessa vinnu.

Íþróttabandalag Reykjavíkur
September 2010
Kjartan Freyr Ásmundsson